



**Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf.**  
**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/1224**  
**komudagur 9.3.2006**

Garðarsbraut 5, 640 Húsavík  
Sími: 464-0415, Fax: 464-0406,  
Netfang: [tryggvi@atthing.is](mailto:tryggvi@atthing.is)  
Vefsíða: [www.atthing.is](http://www.atthing.is)

Húsavík 7. mars 2006

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 REYKJAVÍK**

Með bréfi dagsettu 16. febrúar 2006 er leitað eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2006—2009, 391. mál.

Tillaga um stefnumótandi byggðaáætlun er jákvæð og áhugaverð lesning og vonandi verður henni fylgt eftir af fullum þunga á næstu misserum og árum. Mikilvæg forsenda fyrir framgangi góðra verkefna og heildaráætlunar er nægilegt fjármagn á hverjum tíma. Byggðaáætlun er í eðli sínu langtímaáætlun, og á að vera markmiðssetning og yfirlit um leiðir og lausnir fyrir langtímaþróun byggðar. Því væri æskilegt að slík byggðaáætlun næði til lengri tíma til að stuðla að sem bestum heildarárangri, en þá um leið áfangaskipt.

Það er jákvætt að í þessari áætlun er lögð áhersla á áframhaldandi þátttöku í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP) og Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA), enda hefur það nú þegar sýnt sig að þetta samstarf gefur veruleg tækifæri til atvinnuþróunar.

Ýmsir þættir t.d. nútímafjarskiptatækni, aukin þekking og menntun ásamt rannsóknnum og nýsköpunarvinnu, gefa tilefni til að ætla að raunhæft sé að horfa í auknum mæli á ýmiskonar störf óháð búsetu, sem byggja þá að hluta eða öllu á fjarvinnslu í einhverri mynd. Þetta gefur tilefni til þess að ætla að hvert svæði landsins hafi þarna tækifæri ásamt og með svæðisbundnum auðlindum og aðstæðum á hverjum stað. Ein af grunnforsendum slíkrar þróunar er að áform um bætt fjarskiptanet gangi eftir.

**Tillagan – aðgerðir - 7. liður**

Rétt er að benda á að það ferli sem lagt er til hér er ágætt en of seinlegt eitt og sér hvað varðar byggðarlög þar sem fólksfækkun hefur verið viðvarandi. Við greinina þarf að bæta eftirfarandi: *“...og greindir möguleikar til eflingar byggðarlaganna. Rétt er að leggja áherslu á aukna nýsköpun án tafar m.a. með því að styrkja atvinnuþróunarfélög á þessum svæðum verulega.*

Félögin eru hvert á sínu svæði með puttana á púlsinum í grasrótinni og þar liggur því þekking og reynsla sem getur nýst í þessu viðfangsefni.

**Tillagan – aðgerðir - 8. liður**

Brýnt er að leggja áherslu á að Byggðastofnun hefur haft og á að hafa veigamiklu hlutverki að gegna er varðar atvinnumál og byggðaðróun á landsbyggðinni. Því er lagt til að textinn í þessum lið verði eftirfarandi: *“...verði samhæft og starfið gert markvissara. Byggðastofnun, Nýsköpunarmiðstöðinni á Akureyri og atvinnuþróunarfélögum verði áfram tryggður öruggur starfsgrundvöllur.”*

Í fyrirbyggjandi drögum er gert ráð fyrir að Byggðastofnun beri ábyrgð á nokkrum aðgerðarþáttum og því hlýtur að vera mikilvægt að tryggja starfsemi stofnunarinnar miðað við hlutverk og markmið. Hinsvegar má velta fyrir sér hvað felst í áframhaldandi tryggum starfsgrundvelli atvinnuþróunarfélaga. Hvað hlutverk Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga varðar miðað við umfang starfssvæðis, mikla þörf og eftirspurn eftir aðkomu félagsins að mjög fjölbreyttum verkefnum, og

hugsanleg tækifæri, þyrfti að efla félagið enn frekar sem lið í að ná enn betri árangri í atvinnu- og byggðamálum. (Þetta kemur einnig inn á aðgerðalið 8, bls 12).

#### **Tillagan – aðgerðir - 18. liður**

Hér þykir rétt að benda á nauðsyn þess að enn frekar en hingað til sé unnið að úrbótum á ferðamannastöðum og sérstaklega unnið að því að bæta aðstöðu ferðamanna í þjóðgörðum og tryggja öruggt aðgengi þeirra.

#### **Athugasemdir – áherslur – 2. Aukin nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi. (bls. 5)**

Í kaflanum segir “Þá skal haldið áfram stuðningi við atvinnuþróun á landsbygginni”. Þetta er ekki í samræmi við yfirskrift 2. liðar og ætti fremur að hljóða svo: “Þá skal atvinnuþróun efla á landsbyggðinni, einkum í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun”.

#### **Athugasemdir – aðgerðir (bls. 7)**

Í kaflanum segir varðandi sameiningaráttak og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga “..... Ekki er á þessu stigi ljóst hver endanleg fjárförf verður vegna þessa en í ljósi niðurstöðu sameiningarkosninga 8. október sl. má reikna með að hún verði umtalsvert minni en áætlað var. ...”

Það er undarlegt að álykta sem svo að ekki sé þörf fyrir þá fjármuni sem ætlaðir voru til að styðja við bakið á sameinuðum sveitarfélögum. Hér í Þingeyjarsýslum er búið að ákveða sameiningu fjögurra sveitarfélaga og einnig verður látið reyna á vilja íbúa til sameiningar í Þórshafnarhreppi og Skeggjastaðahreppi. Það er mjög brýnt að þessi sveitarfélög njóti þess með afgerandi hætti að hafa stigið skref til sameiningar og að sjálfsögðu er full þörf fyrir allt það fé sem til ráðstöfunar er í málaflokknum.

#### **Aðgerðir – liður 4. Gerð og framkvæmd vaxtarsamninga (bls 10)**


Vaxtarsamningar hafa verið gerðir eða eru í bígerð á flestum starfssvæðum atvinnuþróunarfélaga. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga telur eðlilegt að stefnt verði slíkum vaxtarsamningi fyrir Þingeyjarsýslu með sérstaka áherslu á austurhluta svæðisins.

#### **Kaflí 2.6 Landshlutar – Þingeyjarsýslur**

Eftir að hafa lesið kaflann um Norður-Þingeyjarsýslu má draga þá ályktun að farsælast væri fyrir landsmenn að byggð leggist af hið snarasta! Af hverju er t.d. eingöngu hægt að sjá fyrir sér árstíðabundna ferðaþjónustu og af hverju er ekki hægt að nýta nálægð við Vatnajökulsþjóðgarð?

Hægt væri að sjá fyrir sér texta um Norður-Þingeyjarsýslu eitthvað á þessa leið: “Í Norður-Þingeyjarsýslu hefur íbúum fækkað mikið undanfarið ár. Samgöngur eru erfiðar, vegalengdir langar, atvinnulíf er einhæft og tekjur lágar. Á svæðinu eru góð skilyrði til sauðfjárræktar og Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum gefur fjölmörg tækifæri í ferðaþjónustu. Nálægð við fyrirhugaðan Vatnajökulsþjóðgarð mun skapa aukin tækifæri í greininni. Margt bendir til að jarðhitasvæðin í Óxarfirði séu mjög vatnsgæf og því er nauðsynlegt að rannsaka þau frekar með nýtingu til atvinnusköpunar í huga. Á Þórshöfn .....

Virðingarfyllst,  
f.h. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga

  
Tryggvi Finnsson  
-framkvæmdastjóri-